

FRÉTTATILKYNNING

15. desember 2000

Yfirtaka Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti-Gutenberg ehf.

Samkeppnisráð hefur ógilt yfirtöku Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti-Gutenberg ehf. Ráðið telur ljóst að yfirtakan hefði leitt til alvarlegrar röskunar á samkeppni og óviðunandi samþjöppunar á prentmarkaði, sem myndi leiða til þess að hið sameinaða fyrirtæki gæti hagað verðlagningu sinni og viðskiptaskilmálum án tillits til keppinauta eða viðskiptamanna sinna.

Þann 12. október sl. keypti Oddi, sem er stærsta prentsmiðja landsins, nær allt hlutfé í Steindórsprenti-Gutenberg, næststærstu prentsmiðju landsins, en auk þess á Oddi prentsmiðjurnar Grafík og Offsetþjónustuna. Að mati samkeppnisráðs hefði yfirtakan aukið verulega samþjöppun á prentmarkaði og verið til þess fallin að valda þar alvarlegri röskun á samkeppni til tjóns fyrir neytendur. Á það við hvort sem litið er á prentmarkaðinn í einu lagi eða á markaðinn fyrir prentun bóka og tímarita annars vegar og hins vegar aðra prentun, svokallað einfalt prentverk.

Í niðurstöðu ráðsins er markaðnum fyrir almennt prentverk, sem yfirtakan hefur áhrif á, skipt upp í prentun á bókum og tímaritum annars vegar og svokallað einfalt prentverk hins vegar. Á heildarmarkaðinum fyrir almennt prentverk hefðu Oddi og dótturfélög hans eftir sameininguna haft um 49% markaðshlutdeild. Á markaði fyrir prentun bóka og tímarita hefði samstæðan hins vegar haft um 64% markaðshlutdeild eftir sameininguna en Steindórsprent-Gutenberg var eitt af fáum fyrirtækjum á markaðnum sem hefði verið þess megnugt að efna til samkeppni við Odda á þeim hluta markaðarins. Að mati ráðsins gætir erlendar samkeppni að nokkru leyti í prentun bóka og tímarita og er tekið tillit til þess við útreikning markaðshlutdeildar fyrirtækjanna. Rannsókn samkeppnisyfivalda hefur hins vegar leitt í ljós að áhrif þeirrar samkeppni eru að vissu leyti takmörkuð. Má þar m.a. nefna að flutningskostnaður gerir prentun erlendis einungis hagkvæma þegar um stór upplög er að ræða. Þá skiptir oft miklu máli að prentun erlendis og flutningur til landsins tekur lengri tíma en prentun héraðs. Þessa gætir m.a. í tímaritaútgáfu og varðandi söluháar bækur í jólaútgáfu, sem endurprenta þarf með stuttum fyrirvara. Þannig hefur erlend samkeppni á umræddum markaði einungis takmörkuð áhrif hér á landi enda hefur hlutfall erlendar prentunar á bókum og tímaritum á íslensku haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár, þrátt fyrir að prentun héraðs sé um 20-30% dýrari en erlendis.

Þá telur samkeppnisráð ljóst að á markaði fyrir einfalt prentverk bæri hið sameinaða fyrirtæki einnig höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki á markaðinum, með um 45% markaðshlutdeild, meðan aðrir keppinautar eru með á bilinu 1-7% hlutdeild. Athugun samkeppnisyrivalda hefur leitt í ljós að erlend samkeppni í einföldu prentverki, sem veltir stærstum hluta markaðarins fyrir almennt prentverk, er afar lítil en innflutningur á einföldu prentverki er innan við 3% af heildarverðmæti þess markaðar.

Þá telur samkeppnisráð að ekki sé fyrirsjáanlegt að keppinautar hins sameinaða fyrirtækis muni veita því samkeppnislegt aðhald sem vegið geti upp á móti hinum skaðlegu áhrifum af samþjöppuninni. Þrátt fyrir ónýtta afkastagetu fyrirtækja á umræddum markaði geti einungis fá fyrirtæki sinnt stórum prentverkefnum. Því sé ekki fyrirsjáanlegt að hinir smærri keppinautar muni geta mætt eftirspurn í stórum prentverkefnum, ef verð myndi hækka hjá hinu sameinaða fyrirtæki. Né heldur séu aðstæður á umræddum markaði með þeim hætti að nýir keppinautar muni eyða þeim samkeppnishömlum sem stafa af yfirtöku Odda á Steindórsprenti-Gutenberg. Þessi aðstaða, ásamt hárri markaðshlutdeild og mikilli samþjöppun á markaðnum, leiðir til þeirrar niðurstöðu samkeppnisráðs að það telur samrunann andstæðan hagsmunum neytenda og fara gegn markmiði samkeppnislaga. Því hefur ráðið talið nauðsynlegt að ógilda samrunann.